Arion banki hf. 6% 12.4.2024	20.073	2,7%	0	0,0%
Fossar fjárfestingarbanki hf. 30.5.2024	19.161	2,6%	0	0,0%
Íslandsbanki hf. REIBOR 1M+0,4% 10.5.2027	40.265	5,4%	0	0,0%
Önnur skráð skuldabréf fyrirtækis samtals	79.499	10,7%	0	0,0%
Ríkisvíxlar				
Ríkisvíxill 24.1.2024	19.890	2,7%	0	0,0%
Ríkisvíxill 21.2.2024	19.747	2,6%	0	0,0%
Ríkisvíxill 20.3.2024	19.604	2,6%	0	0,0%
Ríkisvíxill 15.5.2024	57.935	7,8%	0	0,0%
Ríkisvíxlar samtals	117.176	15,7%	0	0,0%
Fyrirtækjavíxlar				
Alma íbúðafélag hf. 15.3.2024	19.567	2,6%	0	0,0%
Hagar 28.3.2024	39.047	5,2%	0	0,0%
Hagar 12.6.2024	19.111	2,6%	0	0,0%
Iceland Seafood 5.1.2024	19.987	2,7%	0	0,0%
Kaldalón hf. 1.6.2024	19.140	2,6%	0	0,0%
Síminn hf. 5.6.2024	19.157	2,6%	0	0,0%
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. 1.3.2024	19.661	2,6%	0	0,0%
Bankavíxlar / Peningamarkaðsgerningar samtals	155.669	20,9%	0	0,0%
Framseljanleg skuldabréf / skráð verðbréf samtals	518.341	69,5%	0	0,0%
Innlán fjármálafyrirtækja				
Íslandsbanki hf.	106.094	14,2%	0	0,0%
Landsbankinn hf.	120.426	16,2%	0	0,0%
Innlán fjármálafyrirtækja samtals	226.520	30,4%	0	0,0%
Heildarverðmæti verðbréfa	744.860	99,9%	0	0,0%
Reiðufé	602	0,1%	0	0,0%
Aðrar eignir	0	0,0%	0	0,0%
Heildareignir	745.463	100,0%	0	0,0%

Sundurliðun á breytingu stærstu eigna á milli ára og hlutfall af heildareignum sjóða

	Eignir 31.12.2023	Hlutf. af fjárhæð %	Eignir 31.12.2022	Hlutf. af fjárhæð %	Breyting	Hlutfall br. af heildar-eign %
Ríkisbréf 2,5% 15.4.2024	129.703	17,4%	0	0,0%	129.703	17,4%
Landsbankinn hf.	120.000	16,1%	0	0,0%	120.000	16,1%
Íslandsbanki hf.	106.000	14,2%	0	0,0%	106.000	14,2%
Ríkisvíxill 15.5.2024	57.935	7,8%	0	0,0%	57.935	7,8%
Íslandsbanki hf. REIBOR 1M+0,4% 10.5.2027	40.265	5,4%	0	0,0%	40.265	5,4%
Hagar 28.3.2024	39.047	5,2%	0	0,0%	39.047	5,2%
Alma íbúðafélag hf. 7% 15.4.2024	20.795	2,8%	0	0,0%	20.795	2,8%
Arion banki hf. 6% 12.4.2024	20.073	2,7%	0	0,0%	20.073	2,7%
Iceland Seafood 5.1.2024	19.987	2,7%	0	0,0%	19.987	2,7%
Ríkisvíxill 24.1.2024	19.890	2,7%	0	0,0%	19.890	2,7%
Tíu stærstu samtals	573.693	77,0%	0	0,0%	573.693	77,0%
Aðrar fjárfestingar	171.167	23,0%	0	0,0%	171.167	23,0%
Reiðufé	602	0,1%	0	0,0%	602	0,1%
Aðrar eignir	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
	745.463	100,0%	0	0,0%	745.463	100,0%

Yfirlit fjárfestinga 31. desember 2023 frh.

SIV Skammtímasjóður

Uppsöfnuð heildarkaup og uppsafnaðar heildarsölur

Yfirlit yfir uppsöfnuð heildarkaup og heildarsölur á öllum framseljanlegum verðbréfum og fjárfestingum sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2023.

	Heildar-kaup	Heildar-sala
ARION BANKI	891.000	894.522
ISLANDSBANKI	939.500	835.747
KVIKA BANKI	523.600	526.633
LANDSBANKINN	719.800	603.366
AL 24 0315	19.454	0
HAGA240612	19.006	0
HAGA240328	38.024	0
ICESEA 24 0105	19.417	0
KALD 24 0601	18.960	0
SIMINN240605	19.011	0
UR 24 0301	19.493	0
RIKB 24 0415	129.350	0
RIKB 25 0612	15.387	0
RIKV 24 0515	57.696	0
RIKV 24 0320	19.529	0
RIKV 24 0221	19.670	0
RIKV 24 0124	19.813	0
AL150424	20.549	0
ARION CB 24	19.990	0
FOS 24 0530	19.077	0
ISB CBF 27	40.100	0
	3.588.423	2.860.269

Yfirlit fjárfestinga 31. desember 2023 frh.

SIV Skuldabréf

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði

	31.12.2023		31.12.2022	
	Markaðs-verð	%	Markaðs-verð	%
Skuldabréf				
Ríkistryggð skuldabréf				
Ríkisbréf 2,5% 15.4.2024	39.938	1,8%	0	0,0%
Ríkisbréf 8% 12.6.2025	61.999	2,9%	0	0,0%
Ríkisbréf 6,75% 15.10.2026	215.396	10,0%	0	0,0%
Ríkisbréf 5% 15.11.2028	169.720	7,8%	0	0,0%
Ríkisbréf 6,5% 24.1.2031	123.702	5,7%	0	0,0%
Ríkisbréf 7% 17.9.2035	136.285	6,3%	0	0,0%
Ríkisbréf 1,5% 16.2.2026	126.441	5,8%	0	0,0%
Ríkisbréf 3,25% 1.7.2030	124.376	5,7%	0	0,0%
Ríkisbréf 3% 21.3.2033	48.558	2,2%	0	0,0%
Ríkisbréf samtals	1.046.414	48,4%	0	0,0%
Skuldabréf sveitarfélaga				
Reykjavíkurborg 2,5% 21.10.2032	24.530	1,1%	0	0,0%
Reykjavíkurborg 6,72% 26.3.2035	32.750	1,5%	0	0,0%
Skuldabréf sveitarfélaga samtals	57.281	2,6%	0	0,0%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja				
Orkuveita Reykjavíkur 1,7% 02.09.2034	35.186	1,6%	0	0,0%
Orkuveita Reykjavíkur 7% 16.11.2026	50.683	2,3%	0	0,0%
Lánasjóður sveitarfélaga 1% 3.3.2039	53.445	2,5%	0	0,0%
Lánasjóður sveitarfélaga 3,75% 15.4.2034	72.449	3,3%	0	0,0%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja samtals	211.764	9,8%	0	0,0%
Önnur skráð skuldabréf				
Arion banki hf. 4,35% 15.12.2028	80.521	3,7%	0	0,0%
Arion banki hf. 5,5% 12.10.2027	37.096	1,7%	0	0,0%
Arion banki hf. 3,5% 16.12.2029	28.573	1,3%	0	0,0%
Arion banki hf. 2,75% 5.11.2030	39.325	1,8%	0	0,0%
Íslandsbanki hf. 4,48% 21.12.2028	40.120	1,9%	0	0,0%
Íslandsbanki hf. 2,5% 16.9.2027	20.490	0,9%	0	0,0%
Íslandsbanki hf. 2,2% 11.08.2028	212.859	9,8%	0	0,0%
Íslandsbanki hf. 5,8% 12.9.2034	42.428	2,0%	0	0,0%
Kvika banki 6,25% 11.12.2034	40.300	1,9%	0	0,0%
Landsbankinn hf. 3,4% 17.9.2025	73.902	3,4%	0	0,0%
Landsbankinn hf. 4,6% 20.9.2027	89.747	4,1%	0	0,0%
Landsbankinn hf. 8,2% 27.9.2029	20.687	1,0%	0	0,0%
Önnur skráð skuldabréf samtals	726.048	33,6%	0	0,0%
Peningamarkaðsgerningar				
Fyrirtækjavíxlar				
Hagar 28.3.2024	39.047	1,8%	0	0,0%
Iceland Seafood 5.1.2024	39.974	1,8%	0	0,0%
Bankavíxlar / Peningamarkaðsgerningar samtals	79.020	3,7%	0	0,0%
Framseljanleg hlutabréf / skráð verðbréf samtals	2.120.527	98,0%	0	0,0%
Reiðufé	42.870	2,0%	0	0,0%
Aðrar eignir	0	0,0%	0	0,0%
Heildareignir	2.163.396	100,0%	0	0,0%

Sundurliðun á breytingu stærstu eigna á milli ára og hlutfall af heildareignum sjóða

	Eignir 31.12.2023	Hlutf. af fjárhæð %	Eignir 31.12.2022	Hlutf. af fjárhæð %	Breyting	Hlutfall br. af heildar-eign %
Ríkisbréf 6,75% 15.10.2026	215.396	10,0%	0	0,0%	215.396	10,0%
Íslandsbanki hf. 2,2% 11.08.2028	212.859	9,8%	0	0,0%	212.859	9,8%
Ríkisbréf 5% 15.11.2028	169.720	7,8%	0	0,0%	169.720	7,8%
Ríkisbréf 7% 17.9.2035	136.285	6,3%	0	0,0%	136.285	6,3%
Ríkisbréf 1,5% 16.2.2026	126.441	5,8%	0	0,0%	126.441	5,8%
Ríkisbréf 3,25% 1.7.2030	124.376	5,7%	0	0,0%	124.376	5,7%
Ríkisbréf 6,5% 24.1.2031	123.702	5,7%	0	0,0%	123.702	5,7%
Landsbankinn hf. 4,6% 20.9.2027	89.747	4,1%	0	0,0%	89.747	4,1%
Arion banki hf. 4,35% 15.12.2028	80.521	3,7%	0	0,0%	80.521	3,7%
Landsbankinn hf. 3,4% 17.9.2025	73.902	3,4%	0	0,0%	73.902	3,4%
Tíu stærstu samtals	1.352.949	62,5%	0	0,0%	1.352.949	62,5%
Aðrar fjárfestingar	767.578	35,5%	0	0,0%	767.578	35,5%
Reiðufé	42.870	2,0%	0	0,0%	42.870	2,0%
Aðrar eignir	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
	2.163.396	100,0%	0	0,0%	2.163.396	100,0%

Yfirlit fjárfestinga 31. desember 2023 frh.

SIV Skuldabréf

Uppsöfnuð heildarkaup og uppsafnaðar heildarsölur

Yfirlit yfir uppsöfnuð heildarkaup og heildarsölur á öllum framseljanlegum verðbréfum og fjárfestingum sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2023.

	Heildar-kaup	Heildar-sala
RIKS 30 0701	182.672	56.668
RIKS 26 0216	703.394	586.684
RIKB 28 1115	249.354	129.495
RIKB 28 1115	294.667	122.611
RIKB 26 1015	276.345	60.523
RIKB 25 0612	240.770	180.512
RIKB 24 0415	150.234	114.812
LSS150434	247.224	168.158
LBANK CB 25	239.669	162.790
ISB CBI 28	289.948	53.214
ISB CB 27	57.071	30.391
ARION CB 27	73.091	36.764
ICESEA 24 0105	38.834	0
HAGA240328	38.024	0
RIKS 33 0321	48.747	0
RIKB 35 0917	131.003	0
OR161126 GB	47.852	0
OR020934 GB	33.929	0
LSS 39 0303	52.801	0
LBANK CB 29	20.330	0
LBANK CB 27	90.621	0
KVIKA 34 1211 T2i	40.000	0
ISB T2I 34 0912	40.000	0
ISB 28 1221	40.000	0
ARION CBI 30	38.447	0
ARION CBI 29	28.399	0
ARION 28 1215	80.000	0
RVKN 35 1	31.890	0
RVK 32 1	23.629	0

Skýringar

1 Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur verðbréfasjóða SIV eignastýringar hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglum fjármálaeftirlitsins um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Sjóðirnir eru starfræktir af SIV eignastýringu hf. sem er dótturfélag Vátryggingafélags Íslands hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningur sjóðsins er ekki hluti af ársreikningi móðurfélagsins vegna eðlis starfseminnar.

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki í samræmi við lög um ársreikninga ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við matið og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

2 Reikningsskilaaðferðir

a *Erlendir gjaldmiðlar*

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2023. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

b *Vaxtatekjur og vaxtagjöld*

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

c *Arður*

Arður er tekjufærður þegar krafa um hann myndast, það er þann dag sem arðurinn er til útborgunar. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjum í rekstrarreikningi þar sem ekki er í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

d *Umsýsluþóknun*

Sjóðirnir greiða SIV eignastýring hf. mánaðarlega umsýsluþóknun. Þóknunin reiknast sem árlegt fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs, sem hér greinir:

SIV Hlutabréf	1,70%
SIV Lausafjársjóður	0,40%
SIV Skammtímasjóður	0,35%
SIV Skuldabréf	1,00%

Sjóðirnir greiða auk þess beinan kostnað er fellur til vegna rekstrar og umsýslu.

e *Fjárfestingar*

Skuldabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði hvers tíma. Með virkum og verðmyndandi markaði er vísað í að dagslokagengi skuldabréfs er ekki byggt á gömlu viðskiptaverði, viðskiptum með óverulegan hlut af heildarútgáfu skuldabréfaflokks eða endurspegli ekki raunvirði skuldabréfs að mati sérfræðinga. Séu horfur á vanefndum útgefanda skuldabréfs er virði þess metið út frá væntum endurheimtum þar sem m.a. er horft til forgangskrafna. Skuldabréf þar sem útgefandi er metinn rekstrarhæfur en er ekki með virka verðmyndun á skipulögðum verðabréfamarkaði er metið á grundvelli ávöxtunarkröfu. Við mat á hæfilegri ávöxtunarkröfu hvers skuldabréfs er horft til almennrar áhættu og aðstæðna á markaði í árslok 2023.

Hlutabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í árslok 2023. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gilti á markaðnum í árslok 2023.

Innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok 2023.

f. *Reiðufé*

Reiðufé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

g *Skattamál*

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af hlutdeildarskírteinum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

3 Skammtímalán

Samkvæmt 41. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði má hlutfall skammtímalána af eignum verðbréfasjóðs ekki fara yfir 10% af verðmæti eigna sjóðsins. Verðbréfasjóði er einungis heimilt að taka skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Hér á eftir er gerð grein fyrir hlutföllum skammtímalána í einstökum sjóðum félagsins í árslok 2023.

SIV Hlutabréf	0,00%
SIV Lausafjársjóður	0,00%
SIV Skammtímasjóður	0,00%
SIV Skuldabréf	0,00%

4 Afleiðuviðskipti og aðferðir og gerningar til að auka skilvirkni

Afleiður eru fjármálasamningar, þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sjóðanna, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins og nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikning á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna, sem þeim tengjast eða áhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Afleiður eru upphaflega færðar á gangvirði á þeim degi sem afleiðusamningur er gerður og eftir það á gangvirði hverju sinni. Gangvirði miðast við markaðsverð á virkum mörkuðum og tekur tillit til nýlegra markaðsviðskipta og viðurkenndra matsaðferða, sem meðal annars eru afvöxtuð sjóðsflæðislíkön og virðislíkön valréttarsamninga eftir því sem við á. Verðbréfasjóðir SIV eignastýringar hf. hafa ekki átt viðskipti með afleiður á árinu.

5 Gengi gjaldmiðla erlendra sjóða

	31.12.2023	31.12.2022
DKK	20,1324	20,3109
EUR	150,0485	151,0455
GBP	172,6605	170,2976
USD	135,7914	141,6139

6 Vísitölusjóðir

Enginn verðbréfasjóða SIV eignastýringar hf. er vísitölusjóður.

7 Upplýsingar um starfsemi sjóðanna

SIV eignastýring hf. starfrækir fjóra sjóði sem eingöngu fjárfesta í skuldabréfum og innlánum, þar af tvo sérhæfða sjóði, tvo sjóði sem fjárfesta í hlutabréfum eða hlutabréfatengdum vörum, þar af einn sérhæfðan, og fjóra blandaða sjóði, svokallaða eignastýringarsjóði.

8 Hlutdeildarskírteini

Nafn - og raunávöxtun sjóða verðbréfasjóða SIV eignastýringar í árslok 2023.

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði	Árið 2022	Árið 2021	Árið 2020
Nafnávöxtun						
SIV Hlutabréf	3,43%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
SIV Lausafjársjóður	2,33%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
SIV Skammtímasjóður	2,34%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
SIV Skuldabréf	3,77%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Raunávöxtun						
SIV Hlutabréf	2,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
SIV Lausafjársjóður	0,92%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
SIV Skammtímasjóður	0,92%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
SIV Skuldabréf	2,33%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%

Yfirlit um bókfært verðmæti	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2020
SIV Hlutabréf	1.039.951	0	0	0
SIV Lausafjársjóður	4.286.893	0	0	0
SIV Skammtímasjóður	742.933	0	0	0
SIV Skuldabréf	2.161.178	0	0	0

Yfirlit um gengi hlutdeildarskírteina.	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2020
SIV Hlutabréf	103,55	0,00	0,00	0,00
SIV Lausafjársjóður	103,72	0,00	0,00	0,00
SIV Skammtímasjóður	102,90	0,00	0,00	0,00
SIV Skuldabréf	103,05	0,00	0,00	0,00

Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóða og fjárfestingarstefnu.

	Eign 31.12.2023 %	Eign 31.12.2022 %	Breyting	Fjárfestingarstefna Lágmark %	Hámark %
SIV Hlutabréf					
Hlutabréf skráð á NASDAQ OMX Nordic Iceland og First North	99	0	99	25	100
Reiðufé	1	0	1	0	60
SIV Lausafjársjóður					
Innlán fjármálafyrirtækja	46	0	46	30	100
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar útgefnir af íslenska ríkinu	46	0	46	0	70
Skuldarbréf og peningamarkðagerningar sveitarfélaga	8	0	8	0	30
Reiðufé	0	0	0	0	60
SIV Skammtímasjóður					
Skuldabréf, víxlar og aðrar skuldaviðurkenningar útg af ísl ríkinu	35	0	35	0	100
Innlán fjármálafyrirtækja	30	0	30	0	100
Skuldabréf og aðrar skuldaviðurkenningar útg af fjárm.fyrirtækjum	11	0	11	10	50
Önnur skuldabréf, víxlar og skuldaviðurkenningar	24	0	24	0	40
Reiðufé	0	0	0	0	60
SIV Skuldabréf					
Skuldabréf og víxlar	48	0	48	0	100
Sértryggð skuldabréf	34	0	34	0	100
Önnur skuldabréf, víxlar og aðrar skuldaviðurkenningar	16	0	16	0	100
Reiðufé	1	0	1	0	60

8. Hlutdeildarskírteini frh.

Sundurliðun fjárfestinga sjóða og hlutfallsleg skipting:

	Skuldabréf		Hlutdeildar-skírteini		Hlutabréf		Annað		2023 Samtals		2022
	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%	
SIV Hlutabréf											
Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar											0
skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði	0	0	0	0	1.029.965	0	0	0	1.029.965	0	0
Reiðufé	0	0	0	0	0	0	11.752	1	11.752	0	0
	0	0	0	0	1.029.965	0	11.752	1	1.041.717	0	
SIV Lausafjársjóður											
Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar											
skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði	2.344.933	54	0	0	0	0	0	0	2.344.933	0	
Innlán fjármálafyrirtækja	0	0	0	0	0	0	1.960.594	0	1.960.594	0	
Reiðufé	0	0	0	0	0	0	1.075	0	1.075	0	
	2.344.933	54	0	0	0	0	1.961.668	0	4.306.602	0	
SIV Skammtímasjóður											
Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar											
skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði	518.341	0	0	0	0	0	0	0	518.341	0	
Innlán fjármálafyrirtækja	0	0	0	0	0	0	226.520	0	226.520	0	
Reiðufé	0	0	0	0	0	0	602	0	602	0	
	518.341	0	0	0	0	0	227.122	0	745.463	0	
SIV Skuldabréf											
Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar											
skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði	2.120.527	0	0	0	0	0	0	0	2.120.527	0	
Reiðufé	0	0	0	0	0	0	42.870	2	42.870	0	
	2.120.527	0	0	0	0	0	42.870	2	2.163.396	0	

Stjórnarháttayfirlýsing

SIV eignastýring hf. („SIV“ eða „félagið“) var stofnað í september árið 2022 og er eignastýringarfyrirtæki sem starfar á grundvelli starfsleyfa frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „fjármálaeftirlitið“) sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020. Starfsheimildir félagsins taka til reksturs sérhæfðra sjóða skv. 1. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2020. Auk þess tekur starfsleyfi félagsins til eignastýringar og móttöku og miðlunar fyrirmæla varðandi fjármálagerninga skv. 1., og 4. tölul. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2020. Yfirlit yfir viðkomandi lög og reglur um starfsemi rekstraraðila sérhæfðra sjóða má nálgast á vefsíðu fjármálaeftirlitsins, www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit.

Félagið er að meirihluta í eigu Vátryggingafélags Íslands hf. („VÍS“) auk annarra hluthafa sem eru allir starfsmenn félagsins.

Við gerð stjórnarháttayfirlýsingar þessarar var höfð hliðsjón af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ Iceland, 6. útgáfa frá febrúar 2021 (hér eftir nefndar „leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“), og eru aðgengilegar á www.leidbeiningar.is.

SIV hefur jafnframt hliðsjón af viðmiðum og reglum evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja í starfsemi sinni. Stjórnarháttayfirlýsing SIV er birt í heild sinni í viðauka í ársreikningi félagsins og á vefsíðu félagsins, www.siveignastyring.is.

Þá starfar félagið m.a. í samræmi við lög 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (að því leyti sem við á), lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 2/1995 um hlutafélög, lög nr. 3/2006 um ársreikninga og lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Félagið tryggir öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með í starfseminni í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt eftirlit með starfsemi SIV í samræmi við gildandi lög.

Félagið fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja í meginatriðum en víkur m.a. frá þeim hvað varðar boðun og auglýsingu hluthafafunda, þ.m.t. aðalfunda, sem helgast fyrst og fremst af því að hluthafar félagsins eru fáir, og starfa allir nema einn þeirra hjá félaginu. Af sömu ástæðu eru framboð til stjórnar ekki kynnt sérstaklega á vefsíðu félagsins. Stjórn starfrækir ekki endurskoðunarnefnd eða starfskjaranefnd þar sem stjórn telur að stærð og umfang félagsins gefi ekki tilefni til þess. Stjórn fjallar sjálf um málefni fyrrnefndra nefnda á stjórnarfundum. Þá hefur félagið ekki sett á fót tilnefningarnefnd af sömu ástæðum, og í ljósi þess hve hluthafar eru fáir. Stjórn metur árlega hvort þörf sé á að setja á fót undirnefndir. Þá er ekki fjallað um þá liði sem eiga ekki við félagið líkt og ófjárhagslega upplýsingagjöf.

SIV lýtur opinberu eftirliti af hálfu fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Stjórn SIV ber að koma á fót kerfi fyrir áhættustýringu og innra eftirlit félagsins, en einnig að fylgjast með virkni þess. Áhættustjóri hefur eftirlit með áhættustýringu félagsins og er innri endurskoðun útvistað. Stjórn hefur eftirlit með rekstri félagsins og því að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Einnig skal stjórn annast sérstaklega um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Stjórn SIV hefur sett innri reglur varðandi starfsemi félagsins, þar með talið áhættustefnu, reglur um lausafjárstýringu, reglur um aðskilnað starfssviða, reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, reglur um meðhöndlun kvartana, reglur um viðskipti starfsmanna o.fl.

Reikningsskil SIV eru unnin af VÍS samkvæmt sérstökum samningi um útvistun. Vörslufyrirtæki SIV er T Plús hf. sem hefur tekið að sér að vera vörslufyrirtæki sjóða í rekstri SIV, sbr. IV. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Þá er fleiri verkefnum útvistað til VÍS skv. útvistunarsamningnum þar um, svo sem bókhalds- og uppgjörsþjónustu og innheimtu. Regluvörslu er einnig útvistað til VÍS en regluvörður hefur umsjón með regluvörslu félagsins, en í því felst m.a. að hafa eftirlit með viðskiptum starfsmanna félagsins, ráðgjöf í tengslum við daglegar fyrirspurnir starfsmanna um málefni á sviði regluvörslu og samskipti við eftirlitsaðila. Áhættustjóri sér um áhættustýringu fyrir félagið, en í því felst m.a. að hafa eftirlit með því að sjóðir í stýringu félagsins séu innan þeirra viðmiða sem fjárfestingarstefna og reglur mæla fyrir um. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á vinnslu og skilum þeirra skýrslna sem SIV ber skylda til að skila til opinberra aðila. Þá hefur stjórn félagsins tilnefnt persónuverndarfulltrúa og ábyrgðarmann aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Innri endurskoðun hefur verið útvistað með sérstökum samningi þar um til Helgu Harðardóttur. Ytri endurskoðun er framkvæmd af PriceWaterhouseCoopers ehf.

SIV hefur skilgreint reynsla, traust og langtímaárangur sem gildi félagsins í rekstri þess.

Vegna tengsla félagsins við VÍS er lögð sérsök áhersla á óhæði félagsins frá VÍS og gagnsæi og rekjanleika í viðskiptum við VÍS, þ.e. með aðskilnaði starfsstöðva, takmörkun á upplýsingaflæði og aðgengi að gögnum og gerð skriflegra samninga milli félaganna. Þá er sérstakur aðskilnaður milli stjórnar og framkvæmdastjóra skilgreindur í starfsreglum stjórnar, en til að mynda skulu stjórnarmenn ekki taka þátt í ákvörðunartöku er varða einstök viðskipti eða hafa áhrif á ákvarðanir sem varða stýringu sjóða í rekstri félagsins.

Að auki hefur stjórn félagsins sett verklagsreglur um eigin viðskipti SIV og um viðskipti starfsmanna. Markmið þessara reglna er að stuðla að óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum og sjóðum í rekstri félagsins og jafnræði á milli þeirra, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggja óhæði starfsmanna og trúnað og trúverðugleika.

Starfsreglum stjórnar er ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála fyrir stjórn, vandaða og óháða málsmeðferð og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfseminni. Í því skyni er starfsreglum stjórnar ætlað að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og félaga þeim tengdum við SIV og aðgang stjórnarmanna að upplýsingum um viðskiptamenn.

Stjórn hefur sett skriflegar siða- og hátternisreglur og stefnu um samfélagslega ábyrgð félagsins. Félagið gerðist aðili að Iceland SIF, sem er sjálfstæður vettvangur fyrir umræður og fræðslu um ábyrgar og sjálfstæðar fjárfestingar á árinu 2023.

Í stjórn SIV eiga sæti þrír aðalmenn og einn varamaður sem aðalfundur kýs árlega. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Meginstörf stjórnar koma fram í samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Framkvæmdastjóri á sæti á fundum stjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og ráðningarkör og hefur eftirlit með störfum hans.

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega eða oftar ef þörf krefur. Árið 2023 voru haldnir 7 stjórnarfundir og mættu allir stjórnarmenn á þá. Stjórnarfundir hafa allir verið haldnir á starfsstöð félagsins.

Starfsreglur stjórnar eru birtar á vefsíðu félagsins, www.siveignastyring.is, en þar má einnig finna samþykktir félagsins. Þar að auki eru birtar ýmsar stefnur og reglur sem félagið hefur sett um starfsemi sína, svo sem stefnu um varnir gegn hagsmunaárekstrum, reglur um upplýsingar um viðskiptamenn, reglur um viðskipti, stefnu um meðhöndlun kvartana o.fl.

Samkvæmt starfsreglum stjórnar skal stjórn árlega meta störf sín, samsetningu, verklag og starfshætti. Auk þess skal stjórn meta störf framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda. Hefur stjórn lagt mat á þessa þætti.

Valdimar Svavarsson (f. 1968). Valdimar var meðstjórnandi hjá VÍS frá 2017 til 2023. Valdimar starfar sem framkvæmdastjóri Civitas, félags á sviði fasteignaþróunar og verið þar frá árinu 2017. Frá 2011 til 2017 var Valdimar forstöðumaður viðskiptaþróunar auk þess að starfa í fyrirtækjaráðgjöf hjá Virðingu hf. Árin 2010 til 2011 starfaði Valdimar sem framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Virðingar. Valdimar er formaður Fimleikafélags Hafnarfjarðar. Valdimar tók sæti í stjórn SIV árið 2022 og telst vera óháður stjórnarmaður.

Ólöf Hildur Pálsdóttir (f. 1977). Ólöf er meðstjórnandi hjá Eimskip hf. og var áður meðstjórnandi hjá Reginn og í varastjórn VÍS. Ólöf starfaði hjá atNorth ehf. sem framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar árin 2019 til 2021 og þar áður hjá Arion banka sem forstöðumaður lánaráðgjafar og greiningar, viðskiptastjóri og sérfræðingur frá 2009 til 2018. Jafnframt sat hún í lánanefndum bankans frá 2012 og ALCO. Ólöf starfaði hjá Kauphingi frá 1997 til 2009 í greiningardeild, eignastýringu, sem sjóðstjóri og fjárfestingastjóri, og fjárfestatengslum. Ólöf er með cand.oecon gráðu í viðskiptum með áherslu á fjármál frá Háskóla Íslands (2000) auk þess að vera með löggildingu í verðbréfamiðlun.

Ólöf tók sæti í stjórn SIV árið 2022 og telst vera óháður stjórnarmaður.

Ragnheiður Þorkelsdóttir (f. 1978). Ragnheiður er forstöðumaður viðskipta- og vöruþróunar hjá VÍS frá maí 2022. Starfaði þar áður sem gæðastjóri hjá sama félagi. Frá 2008 til 2019 starfaði Ragnheiður hjá ADVEL lögmönnum og var þar meðeigandi. Ragnheiður er með Cand. jur. gráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands auk þess að vera með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Ragnheiður tók sæti í stjórn SIV árið 2022 og telst vera háður stjórnarmaður.

Ragnheiður Þorkelsdóttir er starfsmaður hjá VÍS og Erla Tryggvadóttir, varamaður í stjórn, er starfsmaður hjá VÍS. Aðrir stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum þess.

Arnór Gunnarsson (f. 1978) er framkvæmdastjóri SIV og jafnframt forstöðmaður eignastýringarsviðs. Hann hefur lokið B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík. Hann hefur lokið prófi sem Chartered Financial Analyst (CFA) auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Arnór starfaði frá 2013 til 2017 hjá Öldu sjóðum sem forstöðumaður hlutabréfa og þar áður frá 2006 til 2013 sem forstöðumaður hlutabréfa hjá Stefni hf., áður Rekstrarfélagi Kauphings. Þar áður starfaði Arnór hjá eignastýringu fagfjárfesta Kauphings hf. sem sjóðstjóri.

Samkvæmt samþykktum SIV annast framkvæmdastjóri daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Framkvæmdastóri skal sjá um að bókald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Engar kvartanir eða athugasemdir hafa borist SIV frá viðskiptavinum eða öðrum vegna ávirðinga um brot félagsins eða starfsmanna þess á lögum eða reglum sem um starfsemi félagsins gilda.

Samskipti félagsins við hlutahafa fara meðal annars fram á formlegum hluthafafundum. Í þessu sambandi skal tekið fram að félagið og VÍS hafa gert með sér samninga um útvistun og þjónustu. Þar að auki hefur VÍS útvistað eignastýringu fjárfestingaeigna til SIV. Í ljósi þess eiga sér einnig stað óformleg samskipti hluthafa og stjórnar milli hluthafafunda.

Þannig samþykkt af stjórn í Reykjavík þann 27. febrúar 2024

Valdimar Svavarsson
Stjórnarformaður

Ólöf Hildur Pálsdóttir
Stjórnarmaður

Ragnheiður Þorkelsdóttir
Stjórnarmaður